



Leiðbeiningar: Innskráning/nýskráning í Researchweb


Tengill til innskráningar: <https://www.researchweb.org/is/lh/login>

Starfsmaður/notandi sem nú þegar hefur notendareikning skráir sig inn í kerfið með tölvupóstfangi og lykilorði. Það getur farið eftir vafrakökustillingum hvernig innskráningin birtist notanda, í annan stað birtist síða þar sem smella þarf á  í hægra horni vefsíðunnar til að skráningarglugginn birtist og í hinn staðinn opnast skráningarglugginn beint.

Það sama á við þegar stofna skal nýjan notendareikning. Í skráningarglugganum er síðan smellt á „**Skrá nýjan reikning**“. Rafrænt eyðublað opnast þá þar sem notendaupplýsingar eru skráðar.

Mikilvægt: Við stofnun nýs notendareiknings er mjög mikilvægt að velja **ekki** „*Hide my user account...*“ í öryggisstillingum heldur annan hvorn „*show my user account...*“. Einnig er mikilvægt að haka við aðgang kerfisstjóra að reikningi (administrator access). Við lok skráningar persónuupplýsinga er smellt á „**Skrá**“ neðst í hægra horni síðunnar.

Kerfið sendir sjálfvirkun rafróst til staðfestingar á að skráning hafi tekist með tímabundnu aðgangsorði sem notandi breytir síðan innan í notendareikning sínum. Það er gert með því að setja bendilinn á notendanafnið í hægra horni síðunnar og velja „**Notendareikning**“. Þá opnast nýr gluggi þar sem smellt er á  neðst á síðunni til að breyta aðgangsorði.

Researchweb rannsóknar- og styrkumsjónarkerfið heldur utan um ferilskrá notenda (CV) og fylgja þær upplýsingar notanda sjálfkrafa við gerð styrkumsókna og skýrsla. Til þess að skrá, breyta og/eða bæta við í ferilskrá er bendillinn settur á notendanafnið í hægra horni og valið er „**Breyta ferilskrá**“. Leiðbeiningar um gerð ferilskrár er að finna í  vinstra megin á síðunni undir „**User account/CV**“.

Athygli er vakin á því að við mat á styrkumsóknum til sjóðsins og einkunnagiðf til þeirra er stuðst við þær upplýsingar sem umsækjandi setur inn í kerfið um sjálfan sig og er því mjög mikilvægt að uppfæra ferilskrána reglulega, þ.m.t. ritlista.

Kerfisstjóri Researchweb á Landspítala er Valgerður M. Backman, verkefnastjóri, sími 5431410/8646147; valgebac@landspitali.is.